

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 2014 máli nr. S-41/2013:

Ákærvaldið

(Ólafur Hallgrímsson saksóknarfulltrúi)

gegn

Hauki Hjaltasyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 16. janúar síðastliðinn, var höfðað með ákæru sérstaks saksóknara, útgefinni 17. janúar 2013, á hendur Hauki Hjaltasyni, kt. 000000-0000, Stigahlíð 60, Reykjavík, „fyrir skilasvik, framin af ákærða Hauki stjórnarformanni og framkvæmdastjóra einkahlutafélagsins A, kennitala 000000-0000, með því að hafa í lok septembermánaðar 2010 tekið ákvörðun um og beint þeirri ósk til viðskiptamanna félagsins, að þeir myndu eftirleiðis greiða andvirði vörureikninga inn á bankareikning félagsins við B númer [...], þrátt fyrir að ákærði hafi áður, samkvæmt handveðsyfirlýsingu útgefinni af A þann 19. júní 2008, um handveð í innstæðu bankareiknings nr. [...], til tryggingar á öllum skuldum veðsalans A gagnvart C, nú D, verið búinn að skuldbinda félagið til að láta greiðsluandvirði vörureikninganna renna inn á reikning A í C, kt. 000000-0000, nú D, kt. 000000-0000, númer [...], sem handveðsettur var C þá hafði ákærði fyrir hönd A sett að veði vörureikningana hjá C, samkvæmt þremur tryggingabréfum, númer 0101-63-110899, útgefnu þann 18. janúar 2008, númer 0101-63-111853, útgefnu þann 30. nóvember 2007 og númer 0101-63-112143 útgefnu þann 12. mars 2008, sem öll kváðu á um skyldu veðsala að tilkynna viðskiptamanni samkvæmt vörureikningi um skyldu hans til að greiða kröfur samkvæmt vörureikningi inn á umræddan reikning A í C.

Í samræmi við ákvæði tryggingabréfanna um greiðslustað skuldara vörureikninga sem C hf. hafði samþykkt, og var bankareikningur A í C nr. [...], og prentað var á alla greiðsluseðla A sem viðskiptamenn vörureikninga fengu og greiddu samkvæmt, allt fram til loka septembermánaðar 2010, bárust greiðslur inn á áður nefndan bankareikning A hjá C.

Með framangreindri háttsemi ráðstafaði ákærði fjármunum sem D, hafði eignast réttindi yfir samkvæmt framangreindum tryggingabréfum og fólu í sér vörureikningsveð í samræmi við 47. gr. laga nr. 75/1997, og voru þær ráðstafanir

ósamrýmanlegar réttindum bankans sem veðhafa. Með háttsemi sinni skerti ákærði rétt D, til fullnustu krafna sem bankinn hafði öðlast réttindi yfir með því að tilkynna viðskiptamönnum um nýjan greiðslustað vörureikninga hjá B án þess að tilkynna um það til D, og var kröfunum þannig skotið undan fullnustu D. Námu greiðslur greiddar af viðskiptamönnum A inn á reikning félagsins í B nr. [...], á tímabilinu 30. september 2010 til og með 18. nóvember 2010, samtals 71.537.709 krónum, sem þar með skiluðu sér ekki inn á hinn handveðsetta reikning A við D. Með ráðstöfuninni skerti ákærði rétt D og annarra lánadrottna til að öðlast fullnægju í eignum þrotabúsins lánadrottnum til tjóns, en A var úrskurðað gjaldþrota hinn 18. nóvember 2010.

Telst framangreind háttsemi varða við 2. - 4. tölulið 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu gerir C, kt. 000000-0000, bótakröfu úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 71.537.409 auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. október 2010 þar til mánuður er liðinn frá því ákærða var kynnt bótakrafa þessi, en dráttarvaxta skv. 9. gr., sbr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist greiðslu kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum reikningi auk virðisaukaskatts á málskostnað.“

Við upphaf aðalmeðferðar lækkaði ákærvaldið fjárhæð í ákæru í 58.380.491 krónu.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Þess er krafist að bótakröfunni verði vísað frá dómi. Verjandi ákærða krefst ekki málsvarnarlauna verði ákærði sakfelldur en verði hann sýknaður krefst hann málsvarnarlauna úr ríkissjóði. Þess er og krafist að annar sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

II

Málavextir eru þeir að með bréfi 10. mars 2011 kærði D ákærða til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra fyrir skilasvik. Í kærinni er því lýst að A, en ákærði hafi verið stjórnarformaður og framkvæmdastjóri félagsins, hafi verið árum saman í viðskiptum við C. Til tryggingar lánnum er bankinn veitti félaginu hefðu verið gefin út framangreind tryggingarbréf. Öll hafi tryggingarbréfin átt það sameiginlegt að hafa verið til tryggingar öllum fjárskuldbindingum félagsins við bankann, hvaða nöfnum sem þær nefndust. Í samræmi við ákvæði í framangreindu tryggingarbréfi nr. 0101-63-110899 hafi A verið skylt að tilkynna skuldurum vörureikninga félagsins að þeim bæri að greiða þá inn á framangreindan reikning í

C. Innstæður á þessum reikningi hafi einnig verið handveðsettar bankanum. Skuldarar félagsins hafi greitt reikningana inn á þennan reikning allt þar til haustið 2010, en þá hafi tekið að halla undan fæti hjá félaginu. Bankinn hafi þá séð ástæðu til að ítreka við viðskiptamenn félagsins að þeim bæri að greiða inn á reikninginn. Í lok september 2010 hafi félagið beint því til viðskiptavina sinna að þeir greiddu skuldir sínar inn á framangreindan reikning í B. Þeir hefðu gert það og afleiðingin hefði orðið sú að bankinn hefði ekki fengið það fé inn á nefndan reikning, sem honum bar samkvæmt samningum félagsins og bankans.

Í kærinni kemur fram að kærandi hafi yfirtekið réttindi og skyldur C 9. október 2008. A var úrskurðað gjaldþrota 18. nóvember 2010.

Í greinargerð kæranda með bótakröfunni kemur fram að frá því að því var beint til viðskiptamanna A í lok september 2010 og þar til félagið hafi verið úrskurðað gjaldþrota hafi samtals 71.537.409 krónur verið greiddar inn á reikning félagsins í B. Við upphaf aðalmeðferðar var bótakrafan lækkuð í 58.380.491 krónu.

Í greinargerð ákærða er því haldið fram að viðskipti félagsins og C hafi grundvallast á samningi frá 30. júlí 2008 er gilt hafi til 10. júní 2009. Hann hafi síðan verið framlengdur en D hafi fellt hann niður 15. september 2010. Eftir að viðskiptum félagsins við D hafi lokið hefði það óskað eftir því að andvirði vörureikninga væri lagt inn á framangreindan reikning í B. Inneign á þeim reikningi, eins og aðrar eignir félagsins, hafi verið til tryggingar öllum skuldum þess og hafi verið veðsettar D.

III

Við aðalmeðferð bar ákærði að A hefði verið í viðskiptum við C og haft samning við hann um kröfukaup frá 2007. Í samningnum hafi verið gert ráð fyrir allt að 68 milljóna króna yfirdrætti á móti kröfukaupum sem bankinn hafi metið hverju sinni. Félagið hafi yfirleitt haldið sig innan þeirra marka. Sumarið 2010 hafi bankinn farið að krefjast frekari trygginga og þá hafi samningnum verið breytt þannig að hann gildi aðeins til 15. september 2010. Félagið hafi óskað eftir því að hann yrði framlengdur til áramóta, enda væri það með áætlanir um framtíðarrekstur. Þessu hefði bankinn hafnað og lokað reikningnum fyrir úttektum, en áfram hefðu borist greiðslur inn á reikninginn frá viðskiptavinum félagsins. Í lok september 2010 kvað ákærði hafa verið rætt hjá félaginu hvað taka ætti til bragðs í framhaldi af lokun reikningsins til að það gæti staðið við skuldbindingar sínar. Niðurstaðan hafi orðið sú að nota reikning er félagið hafi átt í B, sem reyndar hafi verið veðsettur C. Ákærði kvað hafa verið óskað eftir því við viðskiptamenn félagsins að þeir legðu inn á reikninginn í B og hefðu þeir gert það. Hann kvað félagið hafa orðið að fara í viðskipti við annan banka þar sem það átti opinn reikning, enda hafi C verið búinn að slíta viðskiptasambandinu við félagið. Ákærði kvað vörureikninga, sem gefnir höfðu verið út fyrir slitin, hafa verið veðsetta C, en greiðslu reikninga, sem gefnir voru út eftir slitin, hafi félagið mátt beina inn á annan reikning.

Starfsmaður fyrirtækjasviðs C, bar að hafa séð um svokallaða kröfufjármögnun A hjá bankanum. Félagið hafi gefið út greiðsluseðla til viðskiptavina sinna á

grundvelli reikninga fyrir vörur er það hafði selt þeim. Þessar kröfur hafi verið stofnaðar í bankanum og hafi bankinn síðan lánað félaginu með veði í kröfunum, eftir að hafa metið veðhæfni þeirra. Félagið hafi fengið yfirdrátt á reikningi eftir því sem bankinn mat veðhæfni krafanna. Þetta hafi verið á grundvelli samnings bankans og félagsins. Hann kvað bankastarfsmenn hafa rennt grun í að greiðslur fyrir kröfur, sem bankinn hafði lánað út á, rynnu inn á reikning í öðrum banka. Í framhaldinu hefði samningnum við A verið sagt upp.

Lögfræðingur hjá C bar að grunur hafi vaknað í bankanum um að viðskiptavinir A greiddu veðsettar kröfur til annars banka. Við því hefði meðal annars verið brugðist með því að senda þeim bréf og minna þá á skyldu sína að greiða kröfurnar til C. Að öðru leyti gat hann lítið upplýst um ákærufnið.

Fyrrum starfsmaður C, sem hafði unnið við að endurskipuleggja fyrirtæki í skuldavanda, bar að grunur hefði vaknað um að ákærði léti viðskiptavinir sína greiða kröfur, sem C átti veð í, inn á reikning í öðrum banka. Í framhaldinu hefði bankinn slitið viðræðum við ákærða. Hann kvað bankann hafa sent viðskiptavinum A bréf þar sem þeim hafi verið skýrt frá því að kröfurnar væru veðsettar bankanum.

Við aðalmeðferð gáfu þrír fyrrum starfsmenn A skýrslu. Tveir þeirra kváðust ekki hafa haft nein samskipti við bankana en sá þriðji bar að C hefði lokað fyrir „kröfupottinn“ eins og hún orðaði það. Hún kvað kröfur hafa haldið áfram að greiðast inn á reikninginn í C en hann hafi verið lokaður fyrirtækinu, með öðrum orðum hafi reikningurinn aðeins verið opinn í annan endann. Hún kvaðst ekki vita af hverju C hefði lokað reikningnum og heldur ekki vita hver hefði ákveðið að láta viðskiptavinir greiða inn á reikning í B.

IV

Meðal gagna málsins er viðskiptasamningur sem A gerði við C 30. júlí 2008. Samkvæmt samningnum skuldbatt bankinn sig til að veita félaginu allt að 68 milljóna króna yfirdráttarlán með nánar tilgreindum skilyrðum. Upphaflega gildi samningurinn til 10. júní 2009 en hann var síðan framlengdur til 15. september 2010. Til tryggingar greiðslu lánsins setti félagið bankanum að veði ógreidda vörureikninga, en það skuldbatt sig til að beina innheimtu þeirra í gegnum innheimtukerfi bankans. Þá skuldbatt félagið sig til að sjá til þess að allir útsendir greiðsluseðlar og vörureikningar yrðu áritaðir með eftirfarandi texta: „*Krafa samkvæmt greiðsluseðli þessum og meðfylgjandi vörureikningi hefur verið veðsett C. Skuldari leysist aðeins undan greiðsluskyldu sinni með greiðslu inn á reikning nr. [...], kt. 000000-0000 hjá C. Annar greiðslumáti en fram kemur á seðlinum er óheimill*”. Samkvæmt samningnum gildi þessi skuldbinding þar til samningurinn félli úr gildi, honum yrði sagt upp og veitt yfirdráttarlán væri að fullu greitt.

Eins og rakið var hér að framan féll samningurinn úr gildi 15. september 2010 og hafnaði bankinn beiðni um að framlengja hann. Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa eftir það beint greiðslum vegna vörusölu félagsins inn á reikning í B og fær viðurkenning hans stöð í gögnum málsins, þar með töldum framburði vitna eins og rakið var. Skýringar ákærða voru raktar í kaflanum hér að framan. Samkvæmt gögnum málsins var á þessum tíma skuld á yfirdráttarreikningnum og með því að

beina greiðslu reikninganna inn á reikning í B braut ákærði gegn samningi félagsins og C.

Samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga varðar það refsingu að selja, veðsetja, taka undir sig eða ráðstafa á annan hátt fjármunum sínum, sem annar maður hefur eignast þau réttindi yfir, að verknaðurinn verður ekki samrýmdur réttindum hans. Ákærði, sem stjórnarformaður og framkvæmdastjóri A, braut gegn þessu ákvæði hegningarlaganna með því að beina greiðslu vörureikninga félagsins inn á reikning þess í B, en greiðsla þeirra átti að renna inn á reikning í C eins og rakið var. Þá braut ákærði með þessu einnig gegn 4. tölulið greinarinnar, enda skerti hann rétt C til að öðlast fullnægju af eignum félagsins með því að beina greiðslu reikninganna til B. Hins vegar verður ekki séð að brot hans geti varðað við 3. tölulið sömu greinar.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu. Refsing ákærða er ákveðin 12 mánaða fangelsi sem bundin skal skilorði eins og í dómsorði segir.

C krefur ákærða um skaðabætur eins og rakið var. Byggir krafan á skuld þeirri er var á nefndum reikningi A í bankanum. Gögn hafa verið lögð fyrir dóminn er staðfesta skuld að fjárhæð 58.380.491 króna og verður ákærði, sem sakfelldur hefur verið, dæmdur til að greiða þá fjárhæð með vöxtum eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði. Það athugast að ákærða var birt bótakrafan við þingfestingu málsins, 31. janúar 2013, og miðast upphaf dráttarvaxta við þann dag er liðnir voru 30 dagar frá þingfestingu. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða málskostnað eins og í dómsorði segir.

Með því að ákærði hefur verið sakfelldur verða verjanda hans ekki ákvörðuð málsvarnarlaun, enda krafðist hann þeirra ekki ef málið færi á þann veg. Engan sakarkostnað leiddi því af málinu.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Haukur Hjaltason, sæti fangelsi í 12 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum 2 árum frá deginum í dag að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði C 58.380.491 krónu með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. október 2010 til 1. mars 2013 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 251.000 krónur í málskostnað.

Arngrímur Ísberg